



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 25. september 2024
2409052HS SHJ

Efni: Gaddstaðir, breyting á íbúðarsvæði, nr. 1106/2024 - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar

Þann 13. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárþings ytra í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar er varða íbúðarbyggð og frístundasvæði í landi Gaddstaða í Rangárþingi ytra.

Gert er ráð fyrir að breyta aðkomu að íbúðarbyggð ÍB29 og frístundasvæði F63 þannig að ný aðkoma verður frá fyrirhugðu nýju hringtorgi við Reykjagarð og meðfram Suðurlandsvegi að sunnan verðu að núverandi aðkomuvegi. Jafnframt verður núverandi tenging við Suðurlandsveg felld út. Þá verður gert ráð fyrir fjölgun og/eða sameiningu íbúðarlóða og eftir atvikum verður landnotkun breytt á ákveðnum lóðum/svæðum úr frístundabyggð í íbúðarbyggð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á eftirfarandi:

1. Nefnd frístundabyggð F63 er umlukin íbúðarbyggð ÍB29 auk þess sem flugbraut FV2 er það sömuleiðis.

Skv. 5. gr. rg. nr. 724/2008 um hávaða skal við skipulagsgerð miðað við að hljóðstig verði undir mörkum sem tilgreind eru í viðauka reglugerðarinnar. Jafnframt kemur fram í 6 gr. reglugerðarinnar að við rekstur flugvalla skuli miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflu II í viðauka og að rekstraraðilar atvinnustarfsemi skuli miðað rekstur sinn við að hljóðstig í byggð sem verður fyrir áhrifum af starfseminni, verði ekki yfir mörkum í töflu III í viðauka.

Í skipulagstillögunni er því nauðsynlegt að skoða hvort landnotkun íbúðarbyggðar, þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimild til reksturs gististaða í flokki I og II fyrir allt að 10 gesti, landnotkun frístundabyggðar og landnotkun flugbrautar geti farið saman innan sama svæðisins með hliðsjón af ákvæðum rg. nr. 724/2008 um hávaða. Jafnframt er nauðsynlegt að setja viðeigandi skilmála fyrir svæðin sem tryggja að hljóðstig fari ekki yfir tilgreind mörk, en



bent er á að mörk fyrir hávaða vegna umferðar ökutækja og frá
atvinnustarfsemi er t.a.m. lægri í frístundabyggð en á íbúðarsvæðum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Mönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi